

Reykjavík 30. mars 2016

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008 (mannréttindi).

**145. löggjafarþing 2015–2016.
Þingskjal 104 — 104. mál.**

Barnaheill – Save the Children á Íslandi styðja þá breytingu sem lögð er til í frumvarpinu og þar með að í grunnskólalögum sé kveðið á um að efla skuli skilning nemenda á mannréttindum.

Barnaheill telja jafnframt að í lögunum skuli kveðið á um það í markmiðsákvæði laganna, að starfshættir skóla skuli mótast af virðingu fyrir mannréttindum allra og því ætti á eftir orðunum umburðarlyndi og kærleika í 2. gr., 2. mgr. að koma orðið „mannréttindi“ .

Samtökin telja að jafnvel sé ástæða til að gera heildarendurskoðun á 2. gr. grunnskólalaganna með tilliti til þeirra breytinga sem orðið hafa á íslensku samfélagi undanfarin ár og áratugi, lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelltri þróun, eins og segir í lögunum.

Við þá endurskoðun þarf að taka mið af mannréttindasamningum, ekki síst barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem lögfestur hefur verið á Íslandi.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri